



# Fundargerð 279.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 10. maí 2023 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Þröstur Friðfinnsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Erindi frá Akureyrarsókn.

Tekið fyrir erindi dagsett 18. apríl s.l. frá Akureyrarsókn. Í bréfinu er óskað eftir stuðningi til að hafa Akureyrarkirkju meira opna fyrir ferðamenn sumarið 2023. Stjórn HN samþykkir að veita sóknarnefnd 300.000 kr. til verkefnisins.

### 2. EPI umhverfiseinkunnarkerfi.

Hafnarstjóri kynnti EPI umhverfiseinkunnarkerfi sem höfninni stendur til boða að taka í notkun í sumar. Stjórn HN samþykkir að fela hafnarstjóra að innleiða kerfið.

### 3. Dysnes.

Tekið fyrir erindi dagsett 10. maí 2023 frá SSNE. Frá upphaflegum hugmyndum sem kynntar voru hafnarstjórn í febrúar s.l. hefur verið unnið síðustu vikur að nánari úrfærslu verkefnisins m.a. með það fyrir augum að tryggja að litið sé til bestu mögulegu tækni til að lágmarka hugsanlega umhverfismengun, ólykt og ónæði sem gæti haft áhrif á aðra atvinnustarfsemi á svæðinu og næsta umhverfi iðnarsvæðisins. Verkefnið hefur verið brotið upp í fasa og er m.a. horft til þess að uppbygging hefjist innan lands HN við Dysnes en vaxi til norðurs inn á ríkisjörð sem liggur upp að Dysnesi. Aðkoma ríkisins að verkefninu mun skýrast á næstu vikum en ljóst er að verkefnið nýtur velvilja ríkisins. Stjórn HN ítrekar fyrri bókun varðandi verkefnið og sér ekkert því til fyrirstöðu að Dysnes verði áfram skoðað sem fyrsti valkostur.

### 4. Önnur mál.

#### a) Vetvangskönnun.

Farið um hafnarsvæðið á Akureyri og staða framkvæmda skoðuð.

#### Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 17.15

Inga Dís Sigurðardóttir

formaður



Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ásrún Ýr Gestsdóttir

---

Jón Þorvaldur Heiðarsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Sverre Jakobsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---